

Aðalfundur Siglingaklúbbsins Þyts

Haldinn 2. febrúar 2020 í Siglingaklúbbum Þyt Strandgötu 88. Hafnarfirði.

1. Formaður Gunnar Geir setur fundinn og leggur til að Ragnar Hilmarsson verði kosinn fundarstjóri og Egill Kolbeinsson fundarritari.
Samþykkt samhljóða.

2. Formaður flytur skýrslu stjórnar.

3. Áritaðir reikningar lagðir fram.

4. Umræða um skýrslu stjórnar.

Þórður Helgason ræddi nefndarskipan sem samþykkt var á síðasta aðalfundi. Var ákveðið að ræða þetta undir lið 4.7.9

Pétur Th tók til máls og þakkaði hann skýrslu stjórnar og Gunnari Geir fyrir hans störf og nefndi hann samstarfsörðuleika sem hann vonar að séu að baki. Telur að huga þurfi að verklýsingum, skráningu verka og hluta og býðst til að hjálpa til.

Sigurður Ragnar tók til máls og ofbauð honum orðalag formanns í skýrslu stjórnar og lagði til að sá kafli yrði strokaður út enda ekki í samræmi við siðareglur ÍSÍ.

Jóhann kvartaði yfir að hafa fengið rukkun fyrir félagsgjöld næstu árin.

Hann kvartaði líka yfir þeirri aðstöðu sem kajak menn hafa og kallaði hana skúmaskot.

Gjaldkeri fór í pontu og útskírði fyrir Jóhanni hvers vegna hann hafði fengið rukkun með röngum haus baðst gjaldkeri afsökunar á því fyrir hönd bankans.

Pétur Th lagði líka til að texta í skýrslu formanns yrði breytt svo ekki kæmi fram skítkast.

Gunnar Geir ákvað að leiðrétta þetta.

Gunnar Geir þakkar stjórn fyrir samstarfið, sérstaklega Ragnari og Árna gjaldkera fyrir skilvirkt starf og lagði ríka áherslu á að reikningar séu ekki greiddir nema með samþykki stjórnar. Upp kom mál þar sem reynt var að hafa af klúbbum stórfé með fölsuðum reikning.

5. Skýrsla stjórnar og reikningar samþykkt.

6. Lögð fram fjárhagsáætlun.

7. Engar lagabreytingar lágu fyrir.

8. Aðrar tillögur sem fyrir lágu.

Fundarstjóri bað Þórð Helgason að flytja tillögu þá sem hans nefnd hafði komist að samkomulagi að.

Tillagan hljóðar þannig: Aðalfundur siglingaklúbbsins Þyts samþykkir

1. Siðareglur og hegðunarviðmið ÍSÍ gilda fyrir Þyt.
2. Siðareglur starfsmána Hafnarfjarðarbæjar eiga við starfsmenn sumarnámskeiða Þyts.
3. Allar fjárhaglegar ráðstafanir Þyts þurfa að vera samþykktar í stjórn og vera rekjanlegar í fundargerðarbók.
4. Stjórn Þyts er ábyrg fyrir kynninga og samskiptastarfi Þyts þar með talið á samfélagsmiðlum.
5. Stjórn Þyts er ábyrg fyrir starfi Þyts þar með talið ráðstöfun og notkun húsnæðis og annarra eigna.
6. Fundargerðarbók Þyts skal gefa glögga mynd af ákvörðunum aðalfundar og stjórnar þyts og vera aðgengileg öllum félagsmönnum. Þessi tillaga var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.
7. Kostning stjórnar.

Í upphafi fundar var lagt fram framboð til stjórnar eins og lög segja til um.

Tillaga að stjórn: Formaður Markús E Pétursson ekkert móttframboð Markús því réttkjörin formaður Siglingaklúbbsins þyts.

Aðrir á lista eru Sigurður Ragnar Guðmundsson, Sólveig Þorleifsdóttir, Hulda Sefanía Hólm og Ólafur Stefán Arnarson.

Vara menn: Jóhann Bergþór Þórarinsson og Árni Áskelsson.

Til tveggja ára voru kosin Hulda Sefanía Hólm og Sigurður Ragnar Guðmundsson.

Þar sem Gunnar Freyr og Hörður Páll sem eiga eftir eitt ár af stjórnarsetu vilja losna þá þarf að kjósa 2 nýja í stjórn til eins árs.

Til eins árs voru kosin Sólveig Þorleifsdóttir og Ólafur Stefán Arnarson.

8. Félagsgjald:

Umræða um félagsgjald. Gunnar Geir sagði frá reynslu þess að taka upp fjölskyldugjald hún var slæm. Árni fyrrverandi gjaldkeri sgaði líka frá slæmri reynslu í að rukka inn fjölskyldugjald. Gunnar áréttaði að upphæð félagsgjalds skyldi ákveðið á aðalfundi og lagði til að það yrði 7500 kr á kennitölu burtséð frá aldri. Félagsgjöld annarra félaga komu til umræðu og margar upphæðir nefndar. Mjög flólið mál segir Ragnar fundarstjóri þar sem tekjur klúbbsins fara eftir fjölda iðkenda þannig að þeir sem sækja námskeið sem eru lengri en 35 tímar eru skráðir sem iðkendur þannig fær félagið tekjur á móti þeim. Vegna þeirra sem sækja sumarnámskeið og við fáum tekjur af annarsstðar.

Umræður um þetta kerfi sem Gunnar Geir segir rotið þar sem fjöldi þeirra sem eru skráðir iðkendur eru bara að sækja einföld sumarnámskeið og sjást síðan ekki meir.

Fundarstjóri kallar eftir fleiri tillögum.

Markús formaður er fylgjandi fjölskyldugjaldi og sagði að það hafi tekist vel með það 2016 og 2017 og það hafi ekki skipt hver úr fjölskyldunni hafi mætt. Lofar að hætta sem formaður ef það gengur ekki eftir að fjölgun verði í klúbbum og foreldrar mæti líka. telur að skort hafi upplýsingar til fjölskyldna iðkennda.

Gunnar Geir segir að það kerfi sem við notum að undirlagi íþróttahreyfingarinnar bjóði ekki upp á svona og ekki sé hægt að keyra tvö kerfi það sé óvinnandi vegur

Fram kom að hugsanlega byði Nóra upp á fleiri möguleika og það mætti alveg skoða það betur

Til að einfalda málið leggur Gunnar Geir til að þessu sé vísað til stjórnar þrátt fyrir að í lögum standi að aðalfundur eigi að ákveða þetta.

Ragnar leggur þessa tillögu fyrir fund.

Pétur TH segir að í Nóra sé einn takki sem heitir fjölskyldugjald.

Ragnar biður fólk að rugla ekki saman félagaskrá og iðkenndaskrá þetta sé tvennt ólíkt.

Tillaga Gunnars borin fram samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema einu.

9. Skoðunarmenn reikninga: stungið upp á Þórði Helgasyni og Jökli Má Péturssyni, engin mótframboð þeir samþykktir. Gunnar Geir til vara.
10. Fulltrúar á SÍL þing: Már E Pétursson, Ríkharður Ólafsson Og Hulda Stefanía Hólm.
11. Önnur mál: Gunnar Geir reifar málið. Á síðasta aðalfundi var skipuð aðstöðunefnd. Hann lagði áherslu á mikilvægi þessarar nefndar vegna framtíðarskipan klúbbsins. Í nýju aðalskipulagi fyrir klúbbinn er gert fyrir að klúbburinn færi sig um set og verði honum gerð aðastaða á Drafnarsvæðinu og austan við það þ.e. nær bænum. Þetta kom fram í kynningu fyrir fundin. Gunnar lagði áherslu á að í þessa nefnd væri skipaðir menn sem hefðu reynslu og væru þekktir að bæjaryfirvöldum. Og lagði hann til að skipuð yrði Aðstöðunefnd/ samastarfsnefnd og í henni tækju sæti Ragnar Hilmarsson formaður nefndar og Gunnar Geir hversu margir sætu í nefndinni hafði Gunnar ekki skoðun á, kannski væri nóg að hann og Ragnar tækju þetta að sér og nefndin heyrði beint undir aðalfund. Markús tekur til máls: Kynnti á feisbúkk fyrir fund hvernig hann sér þetta fyrir sér hvað þarf að gera. Þar sem stutt er í að vinnan á deiliskipulagi hefjist þá þarf klúbburinn að vera búinn að skilgreina fyrir sér hvað það sé sem hann vill fá út úr þessu. Það þarf að gera samninga við bæinn og hann er tilbúinn að gera samninga við þyt þegar deiliskipulagið hefur verið samþykkt. Fyrir liggur að klúbburinn þarf að leggjast í töluverða vinnu

um framtíðar aðstöðu klúbbsins. Hann telur æskilegt að sem flestir félagar hafi aðgang að þessu, félagsfundir til að gefa félögum aðgang að malinu nefnd sem verður skipuð þarf að vinna opið þannig að hún hafi aðhald og stuðning í sínum verkum, þannig sér hann 5 manna nefnd einstaklinga sem hafa góða þekkingu á skipulagsmálum, húsbyggingamálum á því hvað h'sið þarf að uppfylla til þess að rækta félagsanda. Rætt hefur verið við hönnuð þessa hús Friðrik Friðriksson hann hefur verið jákvæður að leggja þessu lið en ég legg til að stjórn verði falið að skipa þessa nefnd. Sigurð og mig, Friðrik, Ragnar sem er í stjórn ÍBH og Jón Rafn sem hefur lagt mikið til þessa hús með þekkingu sinni sem trésmíðameistari. Leggur til að skipun þessara nefndar verði vísað til stjórnar. Ragnar lýsir því yfir eftir langt mál hverjir unnu að byggingu þess húss sem við nú erum í að hann geti ekki unnið með Markúsi svo hann gefur ekki kost á sér ef stjórn á að skipa nefndina.

Þórður Helgason talar. Það sem skiptir máli að það sé sátt um málið og það sé betra að aðalfundur taki ákvörðun um málið, skiptir miklu máli að þetta mál sé í öruggum höndum. Kemur með sáttatillögu. Að hvorki Markús né Gunnar séu í nefndinni. Heldur að nefndi sé skipuð Ragnari, Friðrik, Daníel og hugsar sér að það sé nóg en það vantar fulltrúa stjórnar. Umræður um hver ætti að vera fulltrúi stjórnar smiðir eða ekki smiðir, framtíðarsýn þarf í þarfagreininguna. Tillaga Þórðar, 4ra manna nefnd þá þrjá sem fyrr eru nefndir og svo fulltrúa stjórnar. Ragnar er ekki sáttur að Gunnari sé úthýst því sé ofboðslega duglegur og hefur komið ógeðslega miklu í verk.

Breytingatillaga frá Ragnari: vill kjósa um hana nema einhver dragi sig til baka (ekki mjög skýr erfitt að skilja hana).

Markús talar: Undarleg staða komin stjórn og komin formaður, en þeir sem sækjast eftir að komast í aðstöðunefndina geta ekki unnið með formanni. Er þetta vænlegt til góðrar niðurstöðu. Styður tillögu Þórðar og ef Ragnar vill ekki sitja í henni af því Gunnar fær það ekki þá verður að finna annan. Fimm manna nefnd til að dreifa álagi og fá breiða þekkingu.

Gunnar vill benda á að það sé ekki verið að byrja á byggingu á þessu ári en vill halda tengslunum áfram við bæinn.

Markús: nefndin sem hefur verið að vinna í þessum málum þarf að skila skýrslu um stöðu mála til stjórnar. Það eru góð tengsl við bæinn í stjórn þegar og að þessi nefnd hefur ekki miðlað mikið af upplýsingum til félagsmanna eða þeir haft aðgang almennt að málinu

Og reynt hefur verið að tala niður mikilvægi þessara vinnu sem þarf að fara fram á árinu en fyri rhann er þetta grunnurinn sem kemur og þurfum að vanda til verka. Það er alveg skýrt í lögum að það þarf 2/3 atkvæða til að við afsölum þessari eign sem við höfum núna og það þarf að vera breið sátt um þetta hjá félögum til að ná slíku í gegn. Þarf að vera sátt um störf slíkrar nefndar og hún vera fjölskylduvæn.

Gunnar Geir: til að leiðrétta misskilning þá segir hann að við eigum bara 20 % í húsinu og aðstöðunni og bærinn geti tekið þetta ef hann vill án þess að spyrja okkur vegna samnings sem er í gildi. Þá er betra að vera í samvinnu við bæinn.

Markús: mikilvægt að starfa með bænum. Í lögum stendur eftir sem áður að það þarf 2/3 hluta atkvæða til að afsala eignum. Og erum við ekki þinglýstir eigendur af eigninni. Gunnar bendir á samning við bæinn. Markús spyr hvenær lóðaleigusamningur rennur út. Svar eftir fá ár. Þá er það annað tak sem bærinn hefur. Það er ekki æskilegt og gengur aldrei að fara í stríð við bæinn.

Ragnar segir að það eru mörg ár í að þetta komi til atkvæða. Þetta snýst um hvort aðalfundur ætlar að skipa nefnd, eða hvort stjórnin ætla að taka þetta líka.

1. Tillaga stjórnar að vísa til stjórnar.
2. Breytingartillaga 1 Að nefndina skipi Ragnar Hilmars, Friðrik Friðriksson, Hulda Sefanía og Sigurður Ragnar
3. Breytingartillaga 2 að Gunnar Geir komi í staðin fyrir Ragnar Hilmarsson og Daníel kemur í stað Friðriks ef hann gefur ekki kost á sér.

Markús leggur til að allar tillögur verði dregnar til baka og þessu vísað til stjórnar. Þórður segir að til að leysa málið þá verði að koma með miðlunartillögu.

Gengið til kosninga

Breytingatillaga 2. Tillaga felld.

Breytingatillaga 1. Samþykkt

Fyrirspurn er ekki hægt að skrá þyt inn á lotto. Það er hægt og er auðvelt.

Gunnar Geir tekur til máls. Óskar Markúsi til hamingju með kosninguna og að fleiri konur séu komnar í stjórn félagsins tók fram að hann væri ekki hættur og myndi mæta í laugardagskaffi áfram. Egill ritari fundarins og fyrrverandi formaður tók til máls. Hann sagði frá kynnum sínum af Gunnari og sagði hann vera með ýtnari mönnum sem hann hefur kynnst og ekki nema von að hann hafi komið öllu

Þessu í verk sem við sjáum. Við gunnar höfum ekki alltaf verið sammála og einu sinni vildi hann kaupa ný segl á Secret 26 bátana til að tryggja sig fyrir komandi Íslandsmót Kjölbáta ég sagði nei, hann varð Íslandsmeistari á gömlu seglunum. Þetta segir okkur eitt að það er sá sem heldur um stýrið sem skiptir máli ekki báturinn eða seglin. Ragnar sleit fundi.